# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 39


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

17 Bræðraborgarstíg

Brf. 15/1 '10

By. 1

Hjermeð bið jeg undirskrifaður, hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjávíkur, um breytingu á samþykktri teikningu. 10/10 - 1909 breytingin stafar af því að jeg kom kjallaranum ekki eins níð og jeg ætlaði, svo hann er 2½° [uppi] staðin fyrir 1° áður og ætla jeg svo að hætta við aðra hæðina og láta koma þess í stað 1°6" port og kvist.

Í tilefni þessu vil jeg leifa mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd um x svar hið allra fyrsta

Virðingarfyllst

Reykjavík 19-12 - 1909

Jóhann S. Hjörleifsson

B. Rvk. 14/1 1910 By. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 31 Decbr. 1909.

Ég leyfi mér hérmeð að leyta samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur, að ég megi byggja Skúr, sem áfastur er við íbúðarhús mitt, No 12 við Þingholtsstræti, og ennfremur færa Salerni frá skúrnum út í suðvesturhorn lóðarinnar, — alt samkvæmt því sem meðfylgjandi teikning sýnir. —

Virðingarfylst

Þorsteinn Guðmundsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

B. Rvk. 10/1 1910 By. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir uppdrætti er jeg undirskrifaður hef látið gjöra, leifi jeg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um útmælingu undir peningshús og heyhús 8 x 11½ alin er jeg hef hugsað mjer að reisa á lóð minni við Bergstaðastíg No. 11

Reykjavík 29/12 1909

Guðmundur K. Eyjólfsson

Til

Byggingarfulltrúans í Reykjavík

B. Rvk 15/1 1910 B. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undertegnede tillader sig herved at anmode den ærede Bygningskommission om Tilladelse til at overdække det lille × Skur som er imellem Bageriet og Pakhuset i min Egendom Vestergade 14 med et Glastag lignende det som er over Gaarden eller Jerntag men da med Tilladelse til at sætte et Vindue ud til Skovs private Vej Skuret er 4½ × 8 Al

Rkv. 3 Jan 1910

ærbødigst
Carl Frederiksen

Til
Den ærede Bygningskommission
i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Rvk. 13/1 1910 B.y.j

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjer með – ex tuto – að beiðast samþykkis hinnar heiðruðu byggingarnefndar til þess að hafa á lóð minni við Tjarnargötu smábyrgi eða skemtiskýli úr timbri og gleri, 4½ × 4¾ álna að stærð, er sett hefur verið þar upp. Skýlið er aðallega ætlað fyrir börnin til leika á sumrum, og er það þannig byggt, að flytja má það án þess að rífa það. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið sótt um leyfi þetta fyr, er eingöngu sú, að smiðirnir, sem settu skýlið upp, töldu eigi venju að skoða slík skýli sem byggingar, er útmæling eða leyfi þyrfti til, enda virðast ákvæði byggingarsamþyktarinnar eigi geta átt fyllilega við um þannig lagað sólbyrgi, er standa eiga án þess að vera áföst við byggingar, eða sem ætlaðar eru til íbúðar eða annarar stöðugra nota. Þess þarf naumast að geta, að í byrginu eru engin eldstæði.

Reykjavík 31. desbr. 1909

Virðingarfyllst H. Hafstein

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 12/1910 Bygg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg leifi mjer hjermeð að snúa mjer til hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur og biðja hana að leggja samþykki sitt á að eg megi byggja nú þegar geymsluhús og salerni á lóð minni við Laugaveg 19 samkvæmt meðfylgjandi teikningu, til þess að geymsluhús það sem nú stendur á lóðinni er ekki á teikningunni liggur svo á stæða að það verður rifið niður til grunns,

Vel getur verið að vegna þekkingarleysis míns á sonna máli að eitthvað vanti frá mjer sem áskilið er, en þá vona eg að megi munnlegar upplýsingar, sem eg er auðvitað fús til að gefa.

Vegna samninga minna í sambandi við bygginguna kæmi mjer vel að fá svar og útmælingu hið allra bráðasta

Virðingarfyllst

Reykjavík 3 janúar 1910

Jóhann Jóhannesson
Laugaveg 19

Til
Byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

B. Rek. 11/1 1910 B, 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík. 11. janúar 1910.

Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur að við, eigendur Melkotslands hér í bænum, höfum í hyggju að selja 1200 feralnir úr nefndri lóðareign fyrir 1 Kr. 25 au. hverja feralin. Lóð þessi er í horninu á Tjarnargötu og Skothús-stræti.

Skyldi hin háttvirta bæjarstjórn ekki vilja nota forkaupsrétt sinn að þessari lóð leyfi eg mér að fara fram á að henni verði breytt í byggingarlóð.

Virðingarfyllst

Ásgeir Sigurðsson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

B. Rvk. 10/1910 Bj. 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur